

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. febrúar 2016  
UST201602-112/B.S.  
10.05.08

### Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - virkjun - Hvanneyrardalsá Ísafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Sótt er um rannsóknarleyfi til þriggja ára. Rannsóknir felast að hluta í land- og rennslismælingum sem unnt er að framkvæma án rasks.

Helstu framkvæmdir á rannsóknartíma geta orðið vegna borana kjarnahola og gröft könnunargryfja.

Gert er ráð fyrir að moka aftur í gryfjurnar og ganga frá landi. Um slóðagerð vegna borana segir m.a. í umsókninni: „Miðað er við að forðast vegagerð vegna rannsókna eða halda henni í lágmarki og raska náttúrunni eins lítið og frekast er unnt. Velja þarf ákjósanlega leið fyrir vegslóða þannig að fari saman lega gagnvart landslagi og notagildi.“

Umhverfisstofnun telur að standa eigi þannig að rannsóknum að ummerki verði sem minnst ef ekki verður af virkjanaframkvæmdum á umræddu svæði. Ef staðið verði að rannsóknum eins og að ofan greinir ætti að vera unnt að stunda fyrirhugaðar rannsóknir án mikilla varanlegra ummerkja.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri